Fréttapíp

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA | September 2026 | Nr. 28

Meistararéttindi og jafnræði – sambærileg réttindi kalla á sambærilegar kröfur

Iðnnám er ein af grunnstoðum íslensks atvinnulífs. Við pípulagningameistarar þekkjum vel þá leið sem þarf að fara til að öðlast meistararéttindi og þá ábyrgð sem þeim fylgir.
Fyrst þarf að ljúka námi í faginu og starfsþjálfun, standast sveinspróf og síðan meistaranám fyrir þá sem vilja öðlast meistararéttindi. Með þeim réttindum fylgir meðal annars heimild til að reka fyrirtæki í lögverndaðri iðngrein og taka iðnnema á námssamning.

Iðnmeistari ber bæði faglega og lagalega ábyrgð á störfum sínum. Hann þarf m.a. að þekkja lög, reglugerðir og staðla, geta tekið að sér úttektarskyld verkefni og bera ábyrgð á verkum sem geta haft bein áhrif á öryggi, eignir og fjárhag fólks. Þess vegna skiptir máli hvað liggur að baki réttindunum.


Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður Félags pípulagningameistara

Íslenskur vinnumarkaður er orðinn alþjóðlegri en áður og sífellt oftar kemur til þess að meta þarf nám, starfsreynslu og starfsréttindi sem aflað hefur verið erlendis. Þegar óskað er eftir að slík réttindi verði viðurkennd hér á landi þarf matið að byggja á sömu kröfum og gerðar eru til þeirra sem

– Sjá framhald á bls. 2 & 3

Jólafundur og Jólaskemmtun FP

Jólafundur & Jólaskemmtun FP verður haldin laugardaginn 21. nóvember 2026 á Veitingastaðnum Blik Bistro í Mosfellsbæ

Dagskráin hefst að venju með Jólafundi félagsmanna kl. 17:00-18:45. Kaffi og meðlæti í boði. Nánari dagskrá kemur síðar.
Jólaskemmtun félagsmanna og maka hefst kl. 19:00 með fordrykk. Borðhald hefst kl. 19:30. Allt er innifalið, matur og drykkir. Kl. 20:30 hefst svo Jólaskemmtun.
Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu koma síðar.
Félagar eru hvattir til að fjölmenna eins og venjulega.

Bros og gleði á hverju andliti á glæsilegri Nýsveinahátíð - Bls. 12

Hagi Hilti – Ný öflug heimasíða komin í loftið – Kíkið við - Bls. 18

Loft & Raftæki bjóða upp á VOLCANO hitablásarana – Sjá grein á bls. 14

Að skrifa upp á verk – Ábyrgð iðnmeistara - Bls. 3

9 ÁR Í RÖÐ
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN & BYKO
BYKO er efst í könnun á ánægju viðskiptavina byggingavöruverslana





Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun – Nú saman: HMS

Ný sameinuð stofnun heitir Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun og er skammstöfuð HMS.

Allur ferill mannvirkjagerðar er nú á höndum einnar stofnunar.

Markmið sameiningar er að efla getu hins opinbera í skipulags- og húsnæðismálum.

Alþingi hefur samþykkt lög sem fela í sér sameiningu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og Skipulagsstofnunar í eina öfluga stofnun á sviði húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsmála. Með sameiningunni flyst starfsemi Skipulagsstofnunar inn í sameinaða stofnun.

Fyrir sameiningu störfuðu um 150 starfsmenn hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á þremur starfsstöðvum víðs vegar um landið, og um 25 starfsmenn hjá Skipulagsstofnun. Með sameiningunni eru starfsmenn Skipulagsstofnunar orðnir hluti af nýrri og stærri stofnun sem ber nú heitið Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS).

Sameiningin felur í sér að allur ferill mannvirkjagerðar, frá fyrsta stigi skipulags til fullbúins mannvirkis, er á höndum einnar stofnunar. Markmiðið er að efla getu hins opinbera í skipulags- og húsnæðismálum, auka yfirsýn, styrkja tengsl við sveitarfélög og skapa heildstæðari og skilvirkari stjórnsýslu.

Félags- og húsnæðismálaráðherra leggur áherslu á að sameiningin styrki stoðir málaflokksins og mæti auknum kröfum samfélagsins um yfirsýn í þróun byggðar, sjálfbæra landnotkun og ráðstöfun auðlinda á sama tíma og dregið verður úr tvíverknaði og samþætting eykst.HMS fagnar sameiningunni og lítur á hana sem tækifæri til að efla þjónustu, styrkja faglega hæfni innan stofnunarinnar og tryggja heildstæða nálgun á öllum stigum skipulags og mannvirkjagerðar.

Fréttapíp
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara. Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.

Meistararéttindi og jafnræði – sambærileg réttindi kalla á sambærilegar kröfur

Framhald greinar af forsíðu

afla sér réttinda hér. Erlend prófskírteini eða önnur gögn geta ekki ein og sér ráðið niðurstöðunni. Skoða þarf hvað liggur að baki þeim, meðal annars lengd og inntak náms, og þær kröfur sem gerðar voru til að öðlast réttindin.

Grundvallarreglan á að vera einföld:
Sambærileg starfsréttindi þurfa að byggjast á sambærilegri menntun og hæfni. Það er sú grundvallarregla sem þeir sem meta menntun og veita starfsréttindi verða að standa vörð um.
Annað væri erfitt að útskýra fyrir þeim sem fara íslensku leiðina. Iðnnemi sem ver árum í nám, starfsþjálfun, sveinspróf og síðar meistaranám á að geta treyst því að sömu réttindi séu ekki veitt eftir leið sem er verulega styttri eða með minna faglegt innihald án þess að sá munur sé metinn og, þar sem við á, bættur upp.

Sé erlent nám sambærilegt á það að vera metið sem slíkt. Sé verulegur munur á menntun þarf að meta þann mun faglega og ákveða hvað þurfi til að brúa bilið. Þess er einmitt getið í reglugerð nr. 585/2011 þar sem fjallað er um uppbótarráðstafanir þegar munur er á þeirri menntun sem umsækjandi hefur og þeim kröfum sem gerðar eru hér á landi.

Í 2. gr. laga um handiðnað segir:
„[Sýslumenn] skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt."
Fagaðilar vita hvað námið felur í sér, hvaða hæfni þarf til að sinna starfinu og hvaða ábyrgð fylgir réttindunum.

Félag pípulagningameistara hefur lengi lagt áherslu á menntun, fagmennsku og gæði. Það er ekki aðeins hagsmunamál þeirra sem þegar hafa meistarabréf í höndunum.

Þetta varðar líka nemandann sem leggur á sig margra ára nám til að afla sér réttinda. Þetta varðar fyrirtæki sem þurfa að geta treyst því að starfsréttindi segi eitthvað raunverulegt um menntun og hæfni. Og þetta varðar neytendur.

Þegar einstaklingur eða fyrirtæki ræður löggiltan iðnmeistara á að vera hægt að treysta því að réttindin standi fyrir ákveðna menntun, þekkingu og faglega ábyrgð. Mistök í okkar fagi geta verið kostnaðarsöm og afleiðingarnar koma stundum ekki í ljós fyrr en löngu eftir að verki lýkur. Þá er það oft húseigandinn eða annar verkkaupi sem situr uppi með tjónið.

Félag pípulagningameistara mun því áfram standa vörð um íslenskt iðnnám og þá einföldu reglu að sambærileg réttindi eigi að byggjast á sambærilegum kröfum, óháð því í hvaða landi námið fór fram.

Böðvar Ingi Guðbjartsson,
formaður, Félags pípulagningameistara

Að skrifa upp á verk – ábyrgð iðnmeistara!

Nýverið barst stjórn Félags pípulagningameistara (FP) erindi frá félagsmanni sem taldi mikilvægt að vekja athygli á þeirri ábyrgð sem fylgir því að undirrita ábyrgðaryfirlýsingar og önnur skjöl vegna úttektarskylda verka.
Af því tilefni vill stjórn FP minna félagsmenn á að undirritun iðnmeistara er ekki formsatriði heldur felur í sér víðtæka lagalega ábyrgð.
Samkvæmt 32. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki ber iðnmeistari ábyrgð gagnvart eiganda mannvirkis á því að þeir verkþættir sem hann tekur að sér séu í samræmi við viðurkennda verkþætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar, ákvæði laga og reglugerða.
Þegar iðnmeistari undirritar ábyrgðaryfirlýsingu eða skjöl vegna lokaúttektar staðfestir hann að verkið hafi verið unnið í samræmi við þessar kröfur.
Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun hefur jafnframt ítrekað að undirritun löggilts iðnmeistara byggi á því trausti að hann hafi haft raunverulegt eftirlit með þeim verkþáttum sem hann staðfestir. Að undirrita slíka yfirlýsingu án þess að hafa sannreynt framkvæmdina getur talist vanræksla á lögbundnum skyldum iðnmeistara.
Slík háttsemi getur, eftir atvikum, leitt til stjórnsýsluviðurlaga samkvæmt 57. gr. laga um mannvirki, þar á meðal áminningar eða sviptingar löggildingar. Jafnframt getur skapast skaðabótaábyrgð ef tjón hlýst af.

Stjórn FP hvetur því félagsmenn til að:
• Skrifa aldrei undir ábyrgðaryfirlýsingu eða skjöl vegna lokaúttektar nema hafa sjálfir sannreynt að viðkomandi verkþættir uppfylli lög, reglugerðir og viðurkennda verkþætti.
• Tryggja að þeir hafi raunverulegt eftirlit með þeim verkum sem þeir bera ábyrgð á.
• Hafna því að undirrita gögn vegna verka sem þeir hafa ekki haft aðkomu að eða geta ekki staðfest með faglegum hætti.

Ábyrgð undirritunar er ein af hornsteinum þess trausts sem almenningur, stjórnvöld og viðskiptavinir bera til löggiltra iðnmeistara.
Með því að vanda til verka og undirrita aðeins það sem hefur verið sannreynt verndum við bæði neytendur, eigin starfsréttindi og orðspor pípulagningastéttarinnar.

Með kveðju, Stjórn FP





Fríður hópur Nýsveina í pípulagningum



Mikið var um að vera á Hótel Nordica á dögunum, enda stóð fyrir dyrum að útskrifa 170 nýsveina í hinum ýmsu iðngreinum. Þar voru vitanlega nýsveinar í pípulagningum, alls 35 talsins. Félag pípulagningameistara hefur fyrir venju að verlauna þann nýsvein sem skarar framúr á sveinsprófi. Að þessu sinni var það Rúnar Sigurður Ólafsson. Rúnar fékk vegleg verðlaun, m.a. frá Vatnsvirkjanum, Vatni og Veitum og líka forláta vél frá TENGI, sem Arnar Árnason, forstjóri (mynd t.h.) afhenti honunm.
Á myndinni að ofan er er Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP að afhenda Rúnari viðurkenninguna.





Það er segin saga, að þar sem þrír formenn koma saman, þar er gaman. Að ofan eru þeir Andrés, formaður sveinsprófsnefndar, Böðvar Ingi, formaður Félags pípulagningameistara og svo Hilmar, formaður FIT, glaðbeittir á nýsveinahátíðinni.

Tímamót hjá Syrktarsjóði Félags pípulagningameistara




Stjórnarskipti hafa orðið hjá Styrktarsjóði FP. Fráfarandi stjórn, Stjáni, Siggi og Reynir (vantar á mynd), afhentu keflið til nýrrar stjórnar, þeirra Árna, Gumma og Trausta, og gáfu þeim föðurleg ráð um hlutverk og tilgang Styrktarsjóðs FP. Nýja stjórnin var fljót að tileinka sér fyrstu persónu fleirtölu og fór strax í hlutverk hringaberans úr Lord of the Rings, þar sem heyra mátti „My precious“ þegar talið barst að sjóðnum. Blekið var varla þornað þegar maður fór að heyra hvern og einn segja „við“ og síðan tala um okkur hin sem „ykkur í FP“. Greinilegt að sumt breytist aldrei. Góðir tímar fram undan!

Líf og fjör og afar mikil aðsókn í Pípulagninga-deild Tækniskólans

Nú á haustönn 2026 er bekkurinn í pípulagnadeild Tækniskólans þétt setinn. Enda áhuginn á náminu verið mikill síðustu árin, færri komist að en vildu og ekki sér fyrir endann á því.

Það eru þó takmörk á því hversu margir komast að í skólanum á hverjum tíma. Það hefur ekki verið möguleiki á að taka á móti öllum þeim nemendum sem hafa sótt um.
Þegar nemendur sækja um nám í byggingagreinum í Tækniskólanum taka þeir fyrstu önninga sem er sameiginleg með öllum byggingagreinum. Þar fara þeir í gegnum almenn fög og byggingagreinafög. Á þessari braut eru núna 102 nemendur og samkvæmt reynslu má áætla að um það bil 40% þeirra muni svo sækja um inngöngu á pípulagnabraut.
Á pípulagnabraut í dagskóla eru núna skráðir 135 nemendur. Þeir nemendur eru á öllum stigum náms, allt frá því að vera að stíga sín fyrstu skref yfir í að vera að undirbúa sig undir sveinspróf.
Það eru 85 nemendur í dreif/kvöldnámi í pípulögnum. Þetta eru eldri nemendur og samsetningin í þeim hóp er önnur. Þarna eru einstaklingar sem eru í vinnu við fagið, einnig margir sem hafa annan bakgrunn og vilja skipta um vettvang.
Á þessari önn eru 35 nemendur að taka lokaáfanga pípulagna sem er undirbúningsáfangi fyrir sveinspróf.
Við getum því sagt alveg óhikað:
Það er alltaf mikið líf og fjör í pípulagnadeild Tækniskólans.



**Gunnar Ásgeirsson,
fagstjóri Pípulagningadeildar
Tækniskólans.**





Skrifstofa Iðunnar flytur tímabundið á Stórhöfða 27

Iðan fræðslusetur hefur flutt skrifstofu sína tímabundið úr Vatnagörðum 20 á nýjan stað að Stórhöfða 27. Á flutningadaginn var skrifstofan einungis opin fyrir hádegi að Vatnagörðum 20 en opnaði svo á nýja staðnum.
Á næstu vikum og mánuðum eru framvæmdir á efri hæð hússins að Vatnagörðum. Kapp verður lagt á að þátttakendur á námskeiðum verði sem minnst varir við framkvæmdirnar.
Allt námskeiðahald mun halda áfram samkvæmt áætlun í Vatnagörðum 20 og sveinspróf haldin á áður auglýstum stöðum"
Fjöldi fólks leitar einnig til Iðunnar daglega og þiggur fjölbreytta þjónustu fræðslufulltrúa og náms- og starfsráðgjafa. Sú þjónusta verður veitt að Stórhöfða 27.

Rb-blað HMS: Frágangur Votrýma

Rb-blaðið Frágangur votrýma var gefið út í desember 2016 af Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Höfundur blaðsins er Jón Sigurjónsson.
Blaðið fjallar um frágang votrýma, val á þéttilögum og efnum og hvernig draga má úr vatnstjóni vegna leka frá lögnum. Fjallað er um algengustu orsakir vatnstjóna og helstu tjónastaði. Sett er fram markmiðssetning fyrir röralagir, gólfniðurföll og fleiri þætti við frágang votrýma til að draga út tíðni vatnstjóna.
Einnig er stuttlega fjallað um innivist votrýma og frágang veggja og gólfa, svo sem timburinnveggja, útveggja og gólfefna.
Votrými eru mikilvæg en valda oft vandræðum og skemmdum. Í votrýmum er notað meira en helmingur af vatni hússins.
Góður frágangur votrýma byggir á samráði og samvinnu margra iðngreina, svo sem trésmiða, pípulagningamanna, dúklagningamanna, múrara, og rafvirkja. Því er mikilvægt að skipuleggja verkið vel frá upphafi og vanda til verka.

RB-blað HMS: Rakaþétting á köldum yfirborðsflötum

• Þegar útihitastig lækkar aukast líkur á rakaþéttingu vegna aukins hitamunar milli inni- og útilofts
• Hitastig, rakastig, loftskipti og einangrun hafa áhrif á rakaöryggi bygginga og geta ráðið því hvort raki þéttist á köldum yfirborðum
• Góð loftun og loftþéttir byggingarhlutar draga úr hættu á rakaþéttingu og þeim skemmdum sem hún getur valdið

Þegar hausta tekur og útihitastig lækkar aukast líkur á rakaþéttingu þar sem hitamunur milli inni- og útilofts eykst.
RB-blöðin fjalla að þessu sinni um rakaþéttingu á köldum yfirborðum og þær aðstæður sem geta valdið því að raki þéttist á eða í byggingarhlutum. Í leiðbeiningunum er meðal annars farið yfir samspil hitastigs, rakastigs og yfirborðshita og hvernig loftskipti, einangrun og hönnun byggingarhluta hafa áhrif á rakaöryggi mannvirkja.

Samband raka og lofthita er með þeim hætti að loft við hærra hitastig getur borið meira rakamagn. Sem dæmi má nefna að við 20°C lofthita getur hámarksrakamagn lofts (100% hlutfallsraki / mettunarraki) verið um 17,3 g/m³, en við 10°C er það um 9,4 g/m³.Þetta veldur því að þegar hitastig loftsins lækkar úr 20°C í 10°C getur orðið döggun. Loft við 10°C getur ekki haldið sama rakamagni og loft við 20°C og því fellur umfram rakinn út, (7,9 g/m³) . Þetta getur gerst á yfirborði efna og í byggingarhlutum.
Við sjáum stundum slíka rakaútfellingu innan á glerjum í gluggum á útvegg eða á spegli í baðherbergi eftir heita sturtu. Þetta getur gefið vísbendingar um gler sem hefur tapað einangrunarhæfni sinni eða ónóg loftun í rýminu.
Góð loftun og loftþéttir byggingarhlutar eru lykilatriði til að draga úr hættu á rakaþéttingu og þeim skemmdum sem hún getur valdið.
Eldri leiðbeiningar eru í fullu gildi og eiga enn við.
Fjölmargar útgefnar leiðbeiningar fjalla um raka og tengdar áskoranir. Nokkur eldri Rb-blöð tengjast þessu viðfangsefni vel. Annars vegar er fjallað um yfirborðshitastig byggingarhluta og rakaþéttingu, þar sem útskýrt er hvers vegna kaldir fletir geta orðið rakasöfnunarpunktar. Hins vegar er fjallað um rakaþéttingu á gluggum, móðu, hélu, hrími og ís, sem eru algeng viðfangsefni á íslenskum heimilum yfir vetrarmánuðina.
Þó að þessar Rb-tæknilegu leiðbeiningar hafi verið gefin út fyrir nokkrum árum eiga margar af meginforsendum byggingareðlisfræðinnar enn við í dag.
Þau veita gagnlegar upplýsingar fyrir húsbyggjendur, hönnuði, fagfólk í mannvirkjagerð og húsnæðiseigendur sem vilja draga úr rakavandamálum og stuðla að betri innivist.

ACO systems
aquatherm
hawle
MAINCOR
TECE
wilo
Smiðjuvegi 68–72, Kópavogi
Bolafæti 1, Reykjanesbæ
VATN & VEITUR

ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ


IÐAN

ÞRÓUN & ÞEKKING Í 20 ÁR

Raki og mygla í húsum 2&3

Þetta námskeið er annað af þremur um raka og myglu í húsum.
Fyrir hverja: Þetta námskeið er fyrir fólk í byggingariðnaði em þarf að fást við raka og myglu í húsum.
Markmið námskeiðs: Markmiðið er að kynna helstu aðferðir við hreinsun á raka- og myglusvæðum.
Á námskeiðinu er fjallað um: Aðferðir til að meta myglu, mæla raka í byggingarefnum og fara yfir túlkun niðurstaða. Niðurstöður rannsókna á efnanotkun og öðrum aðferðum við mygluhreinsun
• Enduruppbyggingu og verkferla við hreinsun á afmörkuðum rýmum. **Að loknu námskeiði á nemandi að:** Þekkja helstu aðferðir í að finna myglu. Geta lesið niðurstöður mælnga(rannsókna. Þekkja helstu aðferðir við hreinsun á myglu.
Annað: Æskilegt að aðilar hafi setið námskeiðið **Raki og mygla í húsum 1,** en þó ekki skilyrði.
Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík, 15. október 2026 kl: 13:00 - 19:00.
Fyrirkomulag: Staðnám með möguleika á fjarnámi.
Námsmat: Mæting og verkefnavinna.
Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.
Kennarar: Sylgja Dögg Sigurjónsd., Líffræðingur. og Benjamín Ingi Böðvarss., Byggingatæknifr.

Raki og mygla í húsum 3, þriðja námskeiðið um raka og myglu í húsum og afleiðingar.
Fyrir hverja: Þetta námskeið er fyrir aðila sem koma að nýbyggingum eða viðhaldi mannvirkja og hafa lokið námskeiðum Raki og mygla 1&2.
Markmið: Markmiðið er að þátttakendur afli sér þekkingar á að fyrirbyggja/lágmarka áhættu á rakaskemmdum við hönnun/ramkvæmd bygginga.
Á námskeiðinu verður fjallað um: Rakaöryggi við hönnun bygginga og framkvæmdir bið byggingu þeirra. Hvað ber að varast og hvað gefist hefur vel við byggingaframkvæmdir. Deilihönnun bygginga, rakaflæði í byggingarhlutum, efnisval og vinnubrögð.
Að loknu námskeiði á nemandi að: Þekkja helstu orsakir þess að raki safnast upp í byggingum. Þekkja rakaflæði í byggingarhlutum. Þekkja aðferðir til að tryggja rakaöryggi við byggingaframkvæmdir.
Staðsetning: Iðan fræðslusetur, Vatnagarðar 20, 104 Reykjavík, 5. nóvember 2026 kl: 13:00 - 17:00.
Fyrirkomulag: Staðnám. **Námsmat:** Mæting.
Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.
Kennarar Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, Líffræðingur og Gústaf Adolf Hermansson, bygginga- og byggingaeðlisfræðingur.



Hröð uppbygging Pípulagnadeildar Borgarholtsskóla á fjórum árum





Undirritaður var beðinn að segja frá stofnun Pípulagnadeild Borgarholtsskóla og hvernig deildin hefur þróast.

Haustið 2022 hafði Ársæll Guðmundsson þáverandi skólameistari Borgarholtsskóla samband við mig og sagði mér að skólinn ætlaði að stofna Pípulagnadeild við skólann að beiðni Barna og menntamálaráðaherra. Við komum okkur saman ég og skólameistari að hittast og fara yfir það sem þegar væri búið að gera í þessum undirbúningi.

Við Ársæll höfðum unnið saman áður þegar ég var deildarstjóri Pípulagnadeildar Iðnskólans í Hafnafirði og Ársæll var skipaður skólameistari 30. desember 2010.
Eftir fyrsta fundinn sagði ég skólameistara að ég væri ekki tilbúin að byrja aftur kennslu en væri tilbúin að ráðleggja stjórnendum skólans hvernig ég taldi að Pípulagnadeild skólans yrði að vera byggðupp.
Stjórnendur skólans voru búin að kaupa 100 m^2 gáma til að láta deildina starfa í. Taldi ég að það væri ekki ásættanlegt að hafa verklega kennslu í gámum og það þyrfti að leggja meiri metnað í svona undirbúning, og voru skólastjórnendur sammála því.
Eftir nokkra undirbúnings fundi var þrýst á mig að leiða þetta verkefni og koma aftur til kennslu sem fyrsti deildastjóri Pípulagnadeildar Borgarholtsskóla og samþykkti ég það með þeim skilyrðum að við myndum saman leggja mikinn metnað í þessa deild.
Anton Már Gylfason þáverandi Áfangastjóri skólans ásamt mér fórum í það að yfirfara alla áfanga í pípulögnum og gefa einingar fyrir hvern áfanga. Töluverð reynsla í því hvernig áfangalýsingar í pípulögnum virka gerði uppsetningu á kennslunnar auðvelda.

Á myndunum hér að ofan má sjá Ásmund Einar, kampakátann, eftir kennslu í vinnslu og meðferð lagnaefnis, sem varð að B-i...



Á myndinni má sjá t.f.v.: Skarphéðinn Skarphéðinsson, deildarstjóra Pípulagningadeildar Borgarholtsskóla, Ásmund Einar Daðason, þáverandi Barna- og Menntamálaráðherra og Ársæl Guðmundsson, þáverandi Skólameistara Borgarholtsskóla. Þarna eru þeir að opna formalega Pípulagningadeild Borgarholtsskóla á táknrænan hátt, með því að klippa á lagnaefni með til þess gerðu verkfæri. Þeim til að aðstoðar eru tveir af nemendum Pípulagnadeidarinnar, sposkir á svip.

ALLT TIL GATNAGERÐAR


Garðbekkir


Spindil-hús
Niðurföll


Brunn-lok
Hita-veitu-lok

Allar nánari upplýsingar og pantanir á vörum Járnsteypunnar, símar:
420 0300 & 660 0150

JÁRNSTEYPAN ehf.
Iðavellir 7b -
230 Reykjanesbæ

Fyrsta önnin sem kennt var í Pípulagnadeild skólans var vorönn 2023 og fjöldi nemenda í dag og kvöldskóla var um 25 nemendur. Við kvöldskólann fékk ég úrvalds kennara þá Björn Ágúst Björnsson og Steingrím Jónsson sem báðir eru Pípulagningameistarar en einnig sá ég um kennslu í dag og kvöldskóla.
Deildinni var úthlutuð aðstaða í aðal byggingu skólans til að byrja með og gekk það ágætlega.
Vorið 2023 var mér falið að gera greiningu á þeirri þörf sem deildin þyrfti til framtíðar.

Hófst undirbúningur og samstarf við Framkvæmdasýslu ríkisins og lagði ég fram þá þarfagreiningu sem ég hafði þegar gert.
Farið var af stað að vinna útboðsgögn í samræmi við þá þarfagreiningu sem lá fyrir. Kröfurnar sem gerðar voru var fjarðlægð frá aðalbyggingu skólanshún varð að vera innan ákveðin fjarðlægðar, fjöldi kennslustofa með öllum þeim búnaði sem til þurfti, fjölda vinnubása fyrir nemendur og sandkassa fyrir utan sem er 70m^2. Send voru inn þrjú tilboð og tvö þeirra voru óásættanleg en tilboð sem kom frá Landslögnum ehf stóðust allar þær kröfum sem við lögðum til.

Gengið var til samninga við Landslagnir ehf. og hafist handa við að klára aðstöðuna fyrir haustönn 2023.
Samstarfið við Landslagnir ehf var til sóma og vill ég þakka þeim Almari Gunnarssyni og Ragnari Þór Hannessyni eigendum Landslagni ehf sérstaklega fyrir samstarfið. Ég verð líka að þakka sérstaklega öllum þeim birgjum sem hafa sýnt Pípulagnadeildinni velvild með ómetanlegum gjöfum frá stofnun hennar. Þeir birgjar eru BYKO, Húsasmiðjan, Innréttingar og tæki, Ísleifur, Vatnsvirkin, Vatn & Veitur og Tengi.
Nýja húsnæði Pípulagnadeild Borgarholtsskóla er við Bæjarflöt 19 e-f-g sem er tæplega 600m^2 og tókst að klára alla þá miklu vinnu sem lá að baki rétt eftir upphaf haustannarinnar. Formleg opnun deildarinnar var 14. september 2023 með að ráðherra Barna og menntamálaráðuneytisins Ásmundur Einar Daðason var látin pressa saman ápex og klippa á álpexrör.

Fyrir vorönn 2024 fékk ég góðan liðsauka með mér í kennsluna Magnús Þór Guðmundsson, pípulagningameistara og kennara sem hafði áður kennt við Tækniskólann frá haustönn 2020. Fjölgar hefur kennurum við deildina og eru núna við kennslu í dag og kvöldskóla átta kennarar þeir eru Magnús Þór Guðmundsson, Steingrímur Jónsson, Björn Ágúst Björnsson, Viktor Ingi Ingibergsson (Bróa), Gylfi Andrésson, Valdimar Páll Halldórsson og Einar Bjarni Sigurpálsson allir eru þeir Pípulagningameistarar ásamt annarri menntun t.d. Verkfræðingur, Byggingaiðnfræðingur, Tækniteiknari og Tölvunarfræðingur. Eins og sést er ég með landsliðið pípulögnum.

Í dag erum við með 35 nemendur í grunnnámi pípulagna, 88 nemendur í dagskóla og 65 nemendur í kvöldskóla. Heildar fjöldi nemenda á haustönn 2026 samtals 188 nemendur þar af 6 konur.
Eins og sést þá hefur Pípulagnadeild Borgarholtsskóla stækkað á met tíma og framtíðin er björt.
Hvet ég alla Pípulagningameistara til að vera í góðu sambandi við okkur kennara skólans og við getum aðstoðað ykkur með ykkar framtíðar starfsmenn.

Vil ég þakka öllum meisturum í Félagi Pípulagningameistara fyrir samstarfið á liðnum árum.

Með kærri kveðja,
Skarphéðinn Skarphéðinsson
Pípulagningameistari
Deildarstjóri Pípulagnadeildar
Borgarholtsskóla.





ÖRUGG FAGMENNSKA OG MEISTARALÖGGILDING Í PÍPU

Bláðdropi
Njarðvíkurbraut 12
260 Reykjanesbæ
bladropinn@gmail.com
GSM 846 4627

H2O LAGNIR
Laxatungu 187 - 270 Mosfellsbæ
GSM 662 3235 - h2o@h2olagnir.is


– Vetrarbraut 33
– 815 Þorlákshöfn
vatnogpipur@gmail.com
Vatn og pípur ehf.
Sigurður Ulfar Sigurðsson
Sími 7890044

AÐALLAGNIR ehf. - pípulagningaþjónusta
Sími 519 5757
AÐALLAGNIR ehf. -
Smiðjuvegi 58 - 200 Kópavogi
adallagnir@ adallagnir.is

PÍPULAGNIR
Fosslagnir ehf.
„Getum við aðstoðað“
Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi
GSM 894 1576 – fosslagnir@hotmail.com

META
Meta ehf.
Grímseyri 6 – 750 Fáskrúðsfirði
GSM 895 2709 – oli@metaehf.is

SB Pípulagnir ehf
pípulagnaþjónusta
skipaþjónusta
Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
Netfang stefanbr@simnet.is

MegaPíp Megastál
MegaPíp ehf.
Turnahvarfi 4 - 203 Kópavogi
GSM 694 3307 - megagas@simnet.is

JJ pípulagnir ehf.
Nýbýlavegi 8
200 Kópavogi
GSM 772 3535
jjpipulagnir.is
jjpipulagnir@gmail.com
JJ Pípulagnir ehf

Press Lagnir ehf
Funafold 29 – 112 Reykjavík
GSM 898 5115

RÖRTÖNGIN
Löggiltir pípulagningameistari
Akraseli 3
109 Reykjavík
rortongin@gmail.com
GSM 846 1184

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir okkar lausnir
Miðengi 8 – 800 Selfossi
GSM 660 1580 & 660 1581
lagniroglausnir@gmail.com


S.O.S lagnir ehf.
Bíldshöfða 18
110 Reykjavík
sos@soslagnir.is
GSM 693 9000

Flugumýri 30 – Mosfellsbæ
GSM: 771 7100
sigurdur@kraftlagnir.is
KRAFTLAGNIR ehf.
pípulagningaverktakar

AH pípulagnir ehf.
AH PÍPULAGNIR
- Suðurhrauni 12c
- 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 4600
andres@pipulagnir.is

króm og hvítt
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

S.Á.LAGNIR ehf
Súluhöfða 41 - 270 Mosfellsbæ
GSM 892 3287
salagnirehf@gmail.com


Múltíverk ehf.
Lagarbraut 4
700 Egilsstöðum
GSM 858 0020
multiverk@multiverk.is

Tröllalagnir ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

vatnsidnadur.net
– Gagnagrunnur
– Þekking
– Saga
vatnsidnadur@vatnsidnadur.net

lagnaafl
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 – 203 Kópavogi
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is

GK ÞJÓNUSTA
Kári Hilmarsson vélvirkja- & pípulagningameistari
Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi
GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com

B. Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690
Kvíslartungu 42 - 270 Mosfellsbæ - lagnir@bmarkan.is

MIÐSTÖÐIN
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
midstodin@midstodin.is
Sími 481 1475

LAGNINGUM Í ÍSLENSKUM BYGGINGARIÐNAÐI Í 98 ÁR!

Bubbi Pípari ehf.
Lyngbergi 23 – 221 Hafnarfirði
GSM 897 7946
bubbipipari@simnet.is

Gaui píp ehf
Urriðaholtsstræti 13 – 210 Garðabær
gauipipari@gmail.com

Mjög lagnir ehf.
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com
MJÖG LAGNIR

MS LAGNIR
Stakkhömrum 17 – 112 Reykjavík
GSM **867 5359** - mslagnir@mslagnir.is

ÁRÓS PÍPULAGNIR

PÍPULAGNIR SUÐURLANDS
Háheiði 10 - 800 Selfossi - psud@psud.is
GSM 699 1985 & 823 6656

STOFNLAGNIR
Stofnlagnir ehf.
Vefarastræti 42 - 270 Mosfellsbæ
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

V.S. Pípulagnir
V.S.pípulagnir ehf.
Fannafold 168
112 Reykjavík
GSM 821 1045
vignir76@gmail.com

GSÓ PÍPULAGNIR
Dalaland 6 - 108 Reykjavík
GSM 763 2227 - gso@gso.is - gso.is

JBÓ Pípulagnir
Fuglavík 41 – 260 Reykjanesbæ
GSM 852 6060 – jonbragi@jbo.is

E. VILJAR
PÍPULAGNIR OG GAS
Allar almennar gas- og pípulagnir
Einstaklingar - Húsfélög - Fyrirtæki

Lagnaleikni
Ránargata 30 - 600 Akureyri
GSM 888 3969
amundi@lagnaleikni.is

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

Villi pípari ehf
GSM 824 0434
Örvarsölum24
110 Reykjavík
villi@villipipari.is

ÍSLAGNIR ehf
GSM 615 4195
Kríuási 7
221 Hafnarfirði
islagnir@islagnir.is

HÚSA LAGNIR
Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

GÓ PÍPULAGNIR
GÓ pípulagnir ehf.
Breiðagerði 8
108 Reykjavík
GSM 695 0170
ottar@piparar.is

Lagnabræður ehf.
Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði
GSM 663 7200
einar@lagnabraedur.is
Lagnabræður ehf

Nethylur 1 - 110 Reykjavík
GSM 897 4746 & GSM 896 2908
landslagnir@landslagnir.is
Landslagnir pípulagnir

JBH PÍPULAGNIR
Drekavellir 30 - 221 Hafnarfirði
GSM: 696 9675 - jbhpipulagnir@jbhpipulagnir.is

AGS Pípulagnir
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Sölkugötu 2 - 270 Mosfellsbæ
GSM 834 8080
ags.pipulagnir@gmail.com



HS pípulagnir
HS pípulagnir ehf.
Smiðjuvegur 4 - 200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@simnet.is

GG Lagnir
Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði
GSM 894 2774 - gxg@simnet.is

BYGG
REYNSLA FAGMENNSKA METNAÐUR
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf. Borgartún 31 Sími: 562 2991 www.bygg.is








Bros og gleði í hverju andliti á glæsilegri útskriftarhátíð Nýsveina á Hótel Norica











ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

IÐAN

ÞRÓUN & ÞEKKING Í 20 ÁR

GASLAGNIR

Námskeið fyrir lagnamenn sem vilja leggja gaslagnir með réttum hætti í íbúðarhúsnæði, veitingahús, sumarhús og iðnaðarhúsnæði o.fl.

Fyrir hverja:
Þetta er námskeið fyrir lagnamenn sem vilja leggja gaslagnir með réttum hætti í íbúðarhúsnæði, veitingahús, sumarhús og iðnaðarhúsnæði o.fl.

Markmið:
Að þátttakendur fræðist um helstu þætti sem varða lagnir fyrir gas og frágang þeirra.
Á námskeiðinu verður fjallað um:.
Lagnir fyrir gas við mismunandi aðstæður.
Gaslagnir í ólíkum gerðum bygginga, í íbúðarhúsæði, veitingahúsum, sumarhúsum og iðnaði.
Efni sem notuð eru til gaslagna og meðferð þeirra.
Frágang gaslagna ásamt tenginu röra og tækja
Yfirferð gastækja vegna suðu, upphitunar og geymslu á gasi.

Að loknu námskeiði á nemandi að:
Þekkja gaslagnir við sem notaðar eru mismunandi aðstæður.
Kunna skil á gaslögnum í ólíkum gerðum bygginga, sem og í iðnaði.
Þekkja efnins em notuð eru við gaslagnir.
Kunni m.a. á frágang gaslagna og tengingu röra og tækja.
Geta yfirfarið gastæki m.t.t. suðu, upphitunar og geymslu.

Staðsetning:
Hús Fagfélaganna-Herðubreið, Stórhöfði 29,
110 Reykjavík, 10. desember 2026 kl: 09:00 - 16:00

Fyrirkomulag kennslu:
Staðnám.

Tungumál námskeiðs:
Íslenska.

Námsmat: 100% mæting.

Kennarar:
Þráinn Sigurðsson, Gassérfræðingur.
Ágúst Ágústsson, Iðnaðartæknifræðingur.
Guðmundur Gunnarsson, Byggingaverkfræðingur.





Ný kynslóð hita-blásara sem sameina nýjar lausnir og nú-tímalegt útlit. Mjög hljóðlátir, léttir, áreiðan-legir, orkuspar-andi, með góða hitadreifingu.



Loft & Raftæki: VOLCANO hitablásararnir

LOFT & RAFTÆKI

Hjallabrekku 1 Dalbrekkumegin
200 Kópavogi | 5643000
www.loft.is



VOLCANO VOLCANO EC

GÆÐI

- öflugur
- þrjár stillingar á viftu
- öflugur þriggja stiga mótor
- einföld uppsetning og allar tengingar fylgja
- samkeppnishæft verð

ÆGINDI

- mikil skilvirkni hitara
- mjög öflugur EB mótor
- þráðlaus stilling á viftu
- allt að 40% lægri viðhaldskostnaður
- bein tengsl við BMS er góður kostur
- hljóðlát vifta jafnvel í hæstu stillingu

EINFALT STÝRIKERFI

- háþróað stýrikerfi
- þráðlaus viftuhraði
- dagatal fyrir hitara - virka daga eða helgar
- samstarf við ýmis BMS kerfi
- hitastigsskynjari
- tenging allt að 8 stillingar við eina stýringu

VOLCANO	VR Mini	VR1	VR2	VR3	VR-D Mini	VR-D
AFKÖST Í KW FRÁ:	3-20 kW	5-30 kW	8-50 kW	13-75 kW	–	–
HÁMARKS HITABLÁSTUR:	2100 m³/h	5300 m³/h	4850 m³/h	5700 m³/h	2330 m³/h	6500 m³/h
LÁRÉTTUR HITI ALLT AÐ:	14 m	23 m	22 m	25 m	16 m	28 m
LÓÐRÉTTUR HITI ALLT AÐ:	8 m	12 m	11 m	12 m	10 m	15 m

*0,5 m/s hámarks hraðaskil

Rb-blað HMS: Hitamynd-un húsa

HMS hefur endurvakið útgáfu á svonefndum Rb-blöðum, sem eru tækni- og leiðbeiningablöð um mannvirkjagerð. Viðfangsefni Rb-blaða hafa verið fjölbreytt í gegnum tíðina. Í tilefni útgáfu nýrra blaða endurútgefur HMS eldri blöð í lok hvers mánaðar sem tengjast málefnum líðandi stundar.

Rb-blað mánaðarins fjallar í þetta skiptið um hitamyndun húsa.

• Rb-blað mánaðarins var gefið út í september 2013 og lýsir það hitamyndun með varmamyndavél sem sýnir breytilegan yfirborðshita mismunandi byggingarhluta eftir uppbyggingu og varmamótstöðu þeirra. Hitamyndun greinir og sýnir mismunandi varmamótstöðu byggingarhluta og loftleka. Aðferðin er heppileg til að skoða og fylgjast með varmatæknilegum eiginleikum og orkutapseiginleikum byggingarhluta, einkum þegar þarf yfirsýn yfir stóra fleti eða þegar myndræn lýsing er æskileg. Blaðið má nálgast með því að smella á þennan hlekk.

• Önnur útgefin Rb-blöð má nálgast með því að fara inn á hms.is.

Hitamyndun húsa
Varmatap bygginga að skiptir máli, sérstaklega þegar kólna fer í veðri. Unnt er að nota hitamyndun til að staðsetja varmatap, kuldabrýr og loftlekastaði og til að skoða lagnir í byggingum, t.d. kælirafta, hitakapla og gólfhitarör, rafbúnað o.s.fv. Auk þess gagnast hún við nákvæmar hitamælingar og til að fá gott yfirlit yfir geislunarstuðla yfirborðsflata byggingar.

Að kanna reglulega varmatap í byggingum skiptir miklu máli t.d. fyrir orkunotkun, þægindi og umhverfisáhrif.

• Þegar varmi tapast í byggingarhluta þarf að auka afköst húshitunarkerfins til að halda ásættanlegu hitastigi.

• Varmatap getur þýtt aukin orkunotkun og hærri hitunarkostnaður.

• Rétt notkun á einangrun og aukinn loftþéttileiki á tilteknum stöðum getur dregið úr hættu á myglumyndun og rakavandamálum.

Ef farið er inn á hms.is má nálgast úrval Rb-blaða með margskonar hagnýtum fróðleik fyrir þá sem vinna að mannvirkjagerð.





Fagmenn, Fagmenning – Frá tiltekt til fagkerfis

Í upphafiárs 2026 var farið af stað með átakið „Fagmenn, fagmenning“ á Facebook vettvanginum Pípulagningamenn Íslands. Markmiðið var að styrkja hópinn sem faglegan vettvang pípulagningamanna og tryggja að almennir þátttakendur þar væru faglærðir. Áður en átakið hófst hafði málið verið rætt um nokkurt skeið innan fagstéttarinnar.



Höfundur greinarinnar er Snæbjörn R. Rafnsson, Stofnandi og eigandi vefsins Vatnsidnadur.net

Fundur var haldinn með stjórn Félags pípulagningameistara og einnig var rætt við kennara í pípulögnum, meistara úr atvinnulífinu og fleiri sem þekkja vel til námsins og fagsins. Allmenn samstaða var um aðrétt væri að fara þessa leið.
Átakið var unnið í áföngum.

Fyrsti fasi – faglærðir pípulagningamenn

Í fyrsta fasa var farið yfir þá sem voru í hópnum og kannað hvort við komandi hefði starfsréttindi í pípulögnum eða tilheyrði skilgreindum undantekningum vegna tengsla við fagið. Jafnframt var farið markvisst yfir sveina- og meistaralista og fagmönnum sem ekki vorufyrir í hópnum boðin þátttaka.
Um 800 pípulagningamenn voru í þessari yfirferð. Átakið gekk vel og samkvæmt þvís em lagt var upp með. Nú er reglan sú að aðeins faglærðir pípulagningamenn fá aðgang að Pípulagningamönnum Íslands.
Undantekningar eru gerðar fyrir afmarkaðan hóp fólks og aðila sem gegna mikilvægu hlutverki gagnvart faginu. Þar má nefna fulltrúa fagverslana, þeir sem sinna fræðslu fyrir fagið, félagasamtök sem sinna hagsmunagæslu, söluaðilar sem sinna faglegri þjónustu við pípulagningamenn. Fyrirtækjasíður pípulagningafyrirtækja, þar sem löggiltur pípulagningameistari er í forsvari, eru einnig velkomnar.
Viðbrögðin hafa verið mjög góð. Ég hef fengið fjölda skilaboða frá fagmönnum sem lýsa ánægju með að einhver hafi tekið þetta verkefni að sér og haldið utanum það. Margir líta orðið svo á að ef þeir er uekki í hópi Pípulagningamanna Íslands séu þeir ekki að fullu komnir inn í sam félag fagstéttarinnar, sem myndar faglegt utanumhald, ófaglærðir komast ekki inn.
Hópurinn er þó ekkiopinber réttindaskrá og aðild að honum jafngildir ekkiformlegri viðurkenningu starfsréttinda. Hann er lokaður faglegur vettvangur þar sem aðgangur byggist á því að viðkomandi sé faglærður pípulagningamaður eða hafiskýr og viðurkennd tengsl við fagið.
Tilgangurinn er ekki að útiloka fólk að óþörfu heldur að verja faglegan grundvöll hópsins. Þar eiga pípulagningamenn að geta rættsín á milli, spurt spurninga, miðlað reynslu og lært hver af öðrum. Þar má segja frá þvísem vel hefur tekist og einnig mistökum án nafngreininga, svo fagstéttin geti lært af reynslunni. Við gerum öll mistök, en mestu skiptir að draga af þeim lærdóm.
Skýr fagleg mörk geta jafnframt hvatt þá sem starfa við pípulagnir án þess að hafa lokið námi til að klára það og öðlast starfsréttindi.

Nýsveinar og meistarar – fagkerfið

Hluti af áframhaldandi uppbyggingu er það sem við höfum nefnt fagkerfið. Vatnsiðnaður hefur um árabil kynnt nýútskrifaða og löggilta pípulagningameistara og mun halda því áfram.
Næsta skref er að ná einnig markvisst utanum nýsveina og bjóða þeim inn í Pípulagningamenn Íslands að lokinni útskrift. Þannig er tekið formlega á móti þeim í samfélag fagstéttarinnar og þeir tengdir við reynslumeiri sveina og meistara.
Þetta skiptir máli fyrir framtíð fagsins. Þekking og reynsla eldrikynslóða þarf að komast áfram til þeirra sem yngri eru, en nýsveinarnir koma jafnframt með nýja þekkingu, ný vinnubrögð og ferska sýn inn í fagið.

Annar fasi – hver selur þetta efni?

Annar fasi átaksins snýr að lagnaefni, framleiðendum og fagverslunum. Ein algengastaspurningin á Pípulagningamönnum Íslands er:„Hver selur þetta efni? “
Pípulagningamenn rekast reglulega á lagnaefni, tæki, tengi, loka og heildarkerfi sem þeir þekkja ekki eða vita ekki hver hefur umboð fyrir hér á landi. Stundum sést aðeins nafn eða merki framleiðanda á gömlum búnaði. Þá getur tekið tíma að komast að því hver framleiðandinn er, hvaðan varan kemur og hvort varahlutir eða sambærilegt efni fáist á Íslandi.
Liður í aukinni fagmenningu er að þessar upplýsingar liggi fyrir: Hver framleiðir efnið, hvers konar framleiðsla þetta er og hvaða fagverslun selur eða þjónustar það hér á landi.
Haft var samband við fimm af stærstu birgjum lagnaefnis til að kanna áhuga þeirra á samstarfi. Fjórir þeirra tóku strax vel í verkefnið. Fulltrúar fagverslananna fá að gang að hópnum þótt þeir séu ekki sjálfir faglærðir pípulagningamenn, enda er hlutverk þeirra að aðstoða fagmenn við efnisspurningar, kynna nýjungar og veita réttar upplýsingar um vörur og framleiðendur.
Fagverslanirnar eru hvattar til að vera virkar á vettvanginum, kynna efni sitt og nýjungar og svara spurningum frá fagmönnum. Þannig verður til gagnkvæmt samband: Pípulagningamenn fá aðgang að upplýsingum og fagverslanirnar betri tengingu við þá sem nota vörurnar daglega.

Gagnagrunnur um framleiðendur lagnaefnis

Samhliða þessu vinnur Vatnsiðnaðurað umfangsmiklum gagnagrunni um framleiðendur lagnaefnis og vörumerki þeirra. Þar verða skráðar upplýsingar umf ramleiðendur, helstu vöruflokka þeirra og tengsl við söluaðila á Íslandi.
Fyrst er tekin saman sú staða sem birtist á heimasíðumíslensku fagverslananna: Hvaða efni þær selja, hver framleiðir það og frá hvaða landi framleiðslan kemur. Þær upplýsingar verða síðan tengdar við framleiðendagrunn Vatnsiðnaðar.
Með þessu verður auðveldara fyrir pípulagningamenn að bera kennsl á efnið sem þeir hafa í höndunum, finna tæknilegar upplýsingar og sjá hver selur eða þjónustar við komandi vörur hér á landi.
Markmiðið er einnig að auka þekkingu fagmanna á því efni sem þeir vinna með. Það skiptir máli að vita ekki aðeins hvað varan heitir heldur einnig hver framleiðir hana, hvaðan hún kemur, fyrir hvað hún er ætluð og hvert hægt er að leita þegar spurningar vakna.
Þetta er allra hagur. Pípulagningamaðurinn finnur rétta efnið og upplýsingarnar hraðar, fagverslunin fær markvissari fyrirspurnir og framleiðandinn verðursýnilegri á íslenskum markaði.
„Fagmenn, fagmenning“ er því orðið meira en tiltekt í Facebook-hópi. Verkefnið snýst um að tengja saman fagmenn, nýsveina, meistara, kennara, framleiðendur og fagverslanir í eitt aðgengilegt fagkerfi.
Markmiðið er einfalt: Að efla fagmennsku, bæta upplýsingaflæði og skapa öflugan vettvang þar sem pípulagningamenn hjálpast að og halda áfram að byggja upp fagið. Það er fagstéttinni allri til góðs.

ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ

IÐAN

ÞRÓUN & ÞEKKING Í 20 ÁR

Raunkostnaður útseldrar þjónustu

Fyrir hverja: Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og verktaka sem selja út efni, vinnu og tæki.
Markmið: Að kenna þátttakendum útreikning á nauðsynlegri álagningu á tilboðs- og tímavinnu.

Fjallað um: Notkun forritsins TAXTA IV. Álagningu inni í útseldri vinnu, vélum og tækjum. Hvort borgi sig að bæta við starfsfólki í stað eftirvinnu. Hversu mikla fjárfestingu reksturinn ber. Hvað þarf að rukka fyrir tæki eins og háþrýstidælu, borðsög, gröfu, körfubíl, vinnupalla, ekinn kílómetra o.s.frv.
Að loknu námskeiði á nemandi að: Geta unnið með forritið taxta sér til gagns. Þekkja eigin kostnað í rekstri. Geta verðlagt efni, vinnu og tæki þannig að reksturinn skili arði.
Annað: Þátttakendur vinna verkefni sem fógið er í að setja inn inn tölur úr síðasta ársreikningi og skrá starfsmenn ásamt vélum sem þeir vill verðleggja sérstaklega inn í TAXTA. Þegar það hefur verið gert liggur niðurstaðan fyrir þá sést hver raunverulegur kostnaður er. Á námskeiðinu er kennd notkun á TAXTA ásamt reiknilíkönum í excel sem hvort tveggja er innifalið í námskeiðsgjaldinu. Þátttakendur eiga að mæta með sína fartölvu á námskeiðið.

Staðsetning: Húsnæði Öryggisskólans, Stórhöfða 27, 110 Reykjavík 21. október 2026 kl: 13:00 - 19:00.
Fyrirkomulag kennslu: Staðnám.
Tungumál: námskeiðs: Íslenska.
Námsmat: 100% mæting.

Tengiliður: Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir - gudrun@idan.is.
Kennari: Eyjólfur Bjarnason, Byggingatæknifræðingur.

















Hagi Hilti – Ný og öflug vefsíða er komin í loftið: hagi.is – Kíkið við

HAGI ehf er rótgróið innflutningsfyrirtæki sem þjónustað hefur íslenska neytendur frá 1963 með innflutningi á byggingarvörum, festingum, vélum og verkfærum frá HILTI í Liechtenstein. Einnig hefur HAGI ehf sérhæft sig í sölu á viðurkenndum öryggisbúnaði, persónuhlífum og vinnufatnaði fyrir íslenskt atvinnulíf frá þekktum fyrirtækjum eins og Honeywell Safety Products, Pip Global, Snickers Workwear, Hultafors verkfæri og UVEX svo einhverjir séu nefndir.

Vefsíða okkar er hönnuð fyrir alla þá sem hafa áhuga á að versla á netinu og vilja fá aðgang að vöruúrvali af Snickers vinnufatnaði og tækniupplýsingum um vöruna. Vefsíðan hagi.is var stofnuð með það að markmiði að veita notendum auðveldan aðgang að upplýsingum um nýjustu vörunum á markaðnum sem HAGI ehf hefur upp á að bjóða. Við höfum lagt mikla áherslu á að bjóða notendavæna hönnun sem gerir notendum kleift að finna það sem þeir leita að á einfaldan og fljótan hátt. Við bjóðum upp á samkeppnishæf verð og allur Snickers fatnaður sem við erum með er verðmerktur á síðunni okkar. Allar verðupplýsingar eru uppfærðar reglulega til að tryggja sem bestu upplýsingar til notenda. Vefsíðan hagi.is inniheldur einnig mikið af tækniupplýsingum um vörurnar okkar, þar á meðal nákvæmar lýsingar á eiginleikum, sérkennum, stærðum og litum.





Hvernig getur vefsíðan nýst þér? Þetta er ekki bara vefsíða, þetta er verkfæri til að hjálpa við að finna réttu vöruna fyrir. Hvort sem leitað er að nýjum buxum eða bolum. Hvetjum alla til að heimsækja vefsíðuna okkar og skoða úrvalið. Hraðari afhending fæst með því að nota vefsíðuna, losar notandann við ferðir í verslanir og þunga umferð.

HILTI býður verkfæri og margskonar lausnir í festingum. Mikið er af tækniupplýsingum á síðunni fyrir fagmenn að ná sér í á auðveldan hátt.
Einnig eru beinar tengingar inn á erlenda vörulista frá öllum okkar helstu birgjum sem hægt er að fara inn á og skoða vöruúrvalið.





Við hjá HAGI ehf. erum staðráðin í að veita þér bestu mögulegu þjónustu og upplýsingar sem völ er á hverju sinni.

Fagmenn; verið velkomin á heimsókn á nýju vefsíðuna til okkar á www.hagi.is.

Set ehf. , röraverksmiðja Selfossi
– Bergsteinn Einarsson snýr aftur í stól forstjóra

Fjárfestarnir Orri Hauksson og Gunnar Fjalar Helgason keyptu rekstur Set, ehf., röraverksmiðju og voru kaupin að fullu frágengin nú í sumar.

Set ehf. var lengi rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað af Einari Elíassyni og byrjaði starfsemi sína með rörasteypu. Undir styrkri stjórn Einars dafnaði fyrirtækið og hefur lengi verið einn stærsti atvinnuveitandi á Selfossi, auk þess að vera með starfsemi erlendis.
Undanfarin ár hefur fyrirtækið verið í eigu afkomenda Einars og reksturinn verið í höndum Bergsteins Einarssonar sem gegndi starfi forstjóra.

Eins og vænta má er mikið og oft flókið ferli að taka við rekstri stórs rótgróins fyrirtækis, með starfsemi í þremur löndum.
Nýir eigendur, Orri og Gunnar Fjalar fundur fljótt fyrir óróa og róti meðal starfsfólks við ýmsar breytingar á stjórnskipulagi og áherslubreytingar.
Með hag fyrirtækisins og framtíð í huga, þá var tekin ákvörðun um það að semja við Bergstein Einarsson, fyrrum forstjóra og einn af aðaleigandum Sets ehf. um að hann komi aftur til starfa sem forstjóri fyrirtækisins.

Með endurkomu Bergsteins til fyrirtækisins mun fyritækið áfram njóta gríðarlegra reynslu og þekkingar Bergsteins á rekstrinum í stóru og smáu. Auk Bergsteins mun Reynir Guðmundsson snúa aftur til starfa sem fjármálastjóri Set ehf.
Nýir eigendur horfa því björtum augum til framtíðar í rekstri Set ehf.



Set ehf. Bergsteinn Einarsson er kominn aftur til starfa sem forstjóri.

Formaður FP verður með fasta viðveru

Stjórn Félags píplagningameistara hefur tekið ákvörðun um að Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP, muni hafa fasta viðveru á skrifstöfu FP á Stórhöfða 29, á fimmtudögum kl. 13:00-17:00 til 10 desember. Félagar FP eru eindregið hvattir til að kíkja við í létt spjall og kaffisopa og efla þannig tengslin og fylgjast með starfinu.





IÐAN
ÞRÓUN & ÞEKKING Í 20 ÁR

Þróun og þekking í 20 ár

Við eigum afmæli!

Í tilefni 20 ára afmælis iðunnar fær félagsfólk fræðsluseturs ins frítt vefnámskeið að eigin vali

Skoðaðu bæklinginn og finndu námskeið sem þú vilt sækja.



STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

• Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
• Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
• Tröppur & stigar í úrvali
• Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tungubáls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

STOÐ
PALLALEIGA



VIÐ SÉRHÆFUM OKKUR Í SÖLU OG ÞJÓNUSTU TIL FAGMANNA Á PÍPULAGNINGA- OG VEITUMARKAÐI

Smiðjuvegi 68–72
200 Kópavogi
Sími 575 9300

vatnogveitur.is
vatnogveitur@vatnogveitur.is

VATN & VEITUR



Tengigrindur af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **lokuð hitakerfi** híbýla með uppblöndun á framrás lokaða kerfisins.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, **gólfhita**, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

ENGINEERING TOMORROW
Danfoss